



Stjórnarfundur SKÍ

Fundargerð nr. 1654

Mánudagur 28. ágúst 2023 / kl. 16.30 / Rafrænn fundur

Efni fundarins: Tuttugasti og fyrsti stjórnarfundur SKÍ 2021 – 2023.

Fundarstjóri: Bjarni Theódór Bjarnason (formaður).

Fundarritari: Hugrún Elvarsdóttir.

Pátttakendur: Jónas Egilsson framkvæmdastjóri, Bjarni Theódór Bjarnason formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftdar, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri, Gísli Reynisson gjaldkeri, Einar Ólafsson, formaður skíðagöngunefndar, Jón Egill Sveinsson varaformaður og Friðbjörn Benediktsson formaður snjóþrettanefndar.

Fjarverandi: N/A.

Fundur settur kl. 16.35.

Fundardagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1653
2. Ársreikningur 2022 – drög
3. Skíðaðing 2023 – tíma- og staðsetning, tillögur, skipan kjörneftdar o.fl.
4. Mótatöflur 2023-2024
5. Olympic Solidarity styrkir vegna undirbúnings
6. Styrkur frá IBU vegna kynningaráætlunar
7. Brettalandslið – breytingartillaga
8. Lowlander verkefnið – staða mála
9. WSF fundargerð
10. IBU aðild – gögn
11. Önnur mál

Fundargerð:

1. Fundargerð síðasta fundar, nr. 1653
 - a. Samþykkt samhljóða af stjórnarmönnum.
2. Ársreikningur 2022 – drög
 - a. Stjórnarmenn búnir að skoða drög að ársreikningi fyrir fund ásamt öllum gögnum.
 - b. Mikill tími farið í það hjá Jónasi að eltast við bókhaldsgögn - fylgigögn o.fl. þar sem ekki var nægilega vel haldið utan um þessi mál áður.
 - c. FIS styrkir aukast um 14 milljónir en annars litlar breytingar milli ára.
 - d. Jónas er að vinna í því að fá betri yfirsýn yfir fjárhagsáætlun samhliða ársreikningi og sundurliðun milli nefnda, afreksstarfsins o.fl.

- i. Skíðaskotfimin t.d. orðin sérdeild og þannig haldið frá öðrum rekstri. IBU verður einnig eyrnamerkt sérstaklega.
 - e. Myndir teknar af öllum fylgiskjöllum framvegis til þess að stuðla að auknu gagnsæi innan hreyfingarinnar og í hvað fjármagn fer nákvæmlega.
 - f. Iðkendur greiða fyrir mót, ferðir o.fl. fyrirfram framvegis svo ekki þurfi að eltast við kostnað eftir á.
 - g. Framkvæmdastjóri SKÍ leggur því drög að ársreikningi til skoðunar eins og þau liggja fyrir núna og umræðu frestað til næsta fundar stjórnar SKÍ.
 - i. Samþykkt samhljóða af stjórnarmönnum.
- 3. Skíðaðing 2023 – tíma- og staðsetning, tillögur, skipan kjörnefndar o.fl.**
- a. SKÍ leggur til eftirtalda tillögu að skipan kjörnefndar fyrir skíðaðing 2023:
 - i. Selma Árnadóttir (Reykjavík), Fannar Gíslason (Akureyri) og Kristján Hauksson (Ólafsfirði)
 - 1. Framkvæmd kosning á þinginu.
 - ii. Friðbjörn, formaður snjóbrettanefndar, hefur gefið út að hann muni ekki halda áfram í stjórn SKÍ.
 - iii. Jónas biður aðra stjórnarmenn um að láta vita hvort þau muni gefa kost á sér áfram í stjórn SKÍ eða ekki svo kjörnefnd geti hafið störf.
 - b. Dagsetning á Skíðaðinginu sem verður haldið á Sauðárkróki
 - i. Föstudaginn 20. október og laugardaginn 21. október
 - 1. Friðbjörn kemst ekki en samþykkt af meirihluta stjórnar og því samþykkt.
- 4. Mótatöflur 2023-2024**
- a. Formenn nefnda fara yfir sínar mótatöflur. Umræða á milli stjórnarmanna og síðar samþykktar af stjórn á fundinum. Athugasemd barst á meðan fundi stóð vegna dagsetningar á prófatíð MA í desember sem verður tekið til skoðunar.
 - b. Jón ætlar að athuga með breytta dagsetningu fyrir Fjallagönguna. Einar leggur til við Austfirðinga að ný dagsetning verði laugardaginn 4.maí 2024.
- 5. Olympic Solidarity styrkir vegna undirbúnings**
- a. Brynja Þorsteinsdóttir, afreksstjóri SKÍ fer yfir.
 - b. 5 fullir styrkir á mann vegna Ólympíuundirbúnings sem dreifist á ólíkar nefndir.
 - i. Má færa fólk á milli styrkja ef stjórnin sér fram á að einhver sé ekki að fara að komast inn á Ólympíuleikana en ÍSÍ ítrekar mikilvægi þess að iðkandi eigi mikla möguleika á að komast á Ólympíuleikana.
 - ii. Nefndir SKÍ leggja fram tillögu að iðkendum sem eiga mesta möguleika að fara á Ólympíuleikana innan þeirra nefnda.
 - c. Friðbjörn leggur til að þessir 5 styrkir deilist niður á 7 aðila í staðinn fyrir að 5 aðilar fái fulla styrki þar sem enginn iðkandi virðist vera að skera sig úr og skara meira frammúr en aðrir eins og hefur verið undanfarin ár.
 - d. Styrkir eru frá nóvember fram í febrúar á hverjum mánuði fram að Ólympíuleikum og hljóða upp á \$1500 á mánuði. Samningur gerður við ÍSÍ, æfingadagbókum skilað o.fl.
 - e. Brynja fer yfir hvaða aðilar hafa verði tilnefndir.
 - f. Einar kemur með athugasemd varðandi hvað fólk er að leggja á sig innan sinnar íþróttar. Umræða um kröfur til aðila, tíma og árangur. Verðum að huga að því hversu miklar líkur eru á að iðkendur komist inn á Ólympíuleikana.
 - g. Verður að samræma kröfur á milli nefnda SKÍ – gera sömu kröfur til iðkenda.
 - h. Umræða í stjórn um skiptingu á fjármagni og ákveðið að funda aftur eftir nokkra daga til þess að negla niður endanlega útfærslu út frá nokkrum tillögum sem Brynja og Jónas móta áfram.

6. Styrkur frá IBU vegna kynningaráætlunar

- a. Jónas fer yfir styrk sem SKÍ fær til útbreiðslu skíðaskotfimi á Íslandi.
- b. SKÍ var úthlutað styrk frá IBU sem greiddur er út í tvennu lagi – við upphaf verkefnisins og undirritun samnings og við lok verkefnisins og eftir samþykki IBU.
- c. Stjórn SKÍ samþykkir að veita 950.000 kr.- til útbreiðslu skíðaskotfimi í landinu í samræmi við umsókn til IBU og fyrirbyggjandi samning um verkefnið. Enn fremur er vinnuhóp sambandsins falin nánari útfærsla á verkefninu.

7. Brettalandslið – breytingartillaga

- a. Mistök gerð af hálfu fyrrum afreksstjóra SKÍ – iðkendur ekki rétt skráðir á meiðslalista sem olli því að iðkendur hafa fallið niður eða jafnvel útaf listum vegna þessa mistaka SKÍ.
- b. Jónas og Brynja taka málið strax áfram og senda bréf til Alþjóðaskíðasambandsins um hæl en stjórn SKÍ telur þetta mál mjög alvarlegt.
- c. Marinó því tekinn inn í landsliðið en hann hefði átt að vera skráður á meiðslalista.
- d. Jónas sem keppir í freestyle – 14 ára.
 - i. Umræða um hans innkomu í landsliðið.

8. Lowlander verkefnið – staða mála

- a. Sigurður sótti fund fyrir hönd SKÍ um Lowlander verkefnið.
- b. 5-6 iðkendur eru í Lowlander verkefninu frá nokkrum þjóðum en aðeins einn frá Íslandi (Gauti) þar sem Katla er hætt.
- c. Virðist vera komin þreyta í stjórn Lowlander og því margir stjórnarmeðlimir að hætti.
- d. Engin nýliðun hefur átt sér stað og því mjög litlar líkur á því að prógrammið haldi áfram en það mun koma í ljós í vetur.
- e. Hins vegar er búið að laga prógrammið heilmikið, bæta skipulag og fá inn betri þjálfara en því miður hangir prógrammið á bláþræði núna, einmitt þegar verið er að gefa í.

9. WSF fundargerð

- a. Jónas leggur fundargerð fyrir stjórnarmeðlimi en þarna liggja tækifæri fyrir SKÍ. FIS og WSF hafa verið í miklu samstarfi.

10. IBU aðild

- a. Erum í biðstöðu um fulla aðild en við þurfum að uppfæra upplýsingar og ramma utan um starfsemi í kringum verkefnið og hvernig skipulagið verður – m.a. útbreiðslu- og fræðslustarfsemi en Einar var búinn að bæta því við.

11. Minnisblað um mótaforrit SKÍ

- a. Jónas fer yfir tillögu að nýju mótaforriti fyrir SKÍ en hann var búinn að senda stjórnarmeðlimum minnisblað utan um verkefnið.

12. Önnur mál

- a. Hæfileikamótun
 - i. Brynja tekur upp mál varðandi hæfileikamótun og laun til þeirra sem halda utan um verkefnið en það virðist vera mismunandi milli aðila. Hér þarf að ríkja meira gagnsæi og halda betur utan um gögn en Jónas ætlar að skoða þetta mál.

13. Næsti fundur

- a. Stuttur fundur á fimmtudag 31. ágúst milli kl. 15.30-16.30.

Fundi slitið kl. 18.30

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð